

239. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FÖSTUDAGUR 23. OKTÓBER 2015 KL 10:30

haldinn á Biskupsstofu

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar (undirrituð)
2. Kirkjuþing 2015
 - a) 1. mál. Skýrsla kirkjuráðs.
 - b) 2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar
 - c) Fyrirspurnir sem beint var til kirkjuráðs og fjárhagsnefndar kirkjuþings á aukakirkjuþingi
3. Fjármál
 - a) Fjárhagsáætlanir Biskupsstofu og sjóða fyrir 2016
4. Önnur mál

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 10:40. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, Stefán Magnússon, Svana Helen Björnsdóttir og séra Gísli Jónasson varamaður sem sótti fundinn í fjarveru séra Gísla Gunnarssonar.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofustjóri Biskupsstofu, kom inn á fundinn undir dagskrárlið 3.

Biskup setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 238. kirkjuráðsfundar var undirrituð.

2. KIRKJUÞING 2015

a) *1. mál. Skýrsla kirkjuráðs.*

Kirkjuráð gekk frá skýrslu sinni, sem lögð verður fyrir kirkjuþing 2015 sem sett verður á morgun laugardaginn 25. október.

b) *2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuráð gekk frá skýrslu um fjármál kirkjunnar, sem lögð verður fyrir kirkjuþing 2015.

c) *Fyrirspurn til kirkjuráðs*

Fyrirspurnir sem beint var til kirkjuráðs og fjárhagsnefndar kirkjuþings á aukakirkjuþingi. Fjallað var um fyrirspurnir sem beint var til kirkjuráðs og fjárhagsnefndar kirkjuþings á aukakirkjuþingi.

3. FJÁRMÁL

a) *Fjárhagsáætlanir Biskupsstofu og sjóða fyrir 2016.*

Farið var á ný yfir fjárhagsáætlun Biskupsstofu, Kirkjumálasjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna og Kristnisjóðs vegna ársins 2016.

4. ÖNNUR MÁL

Ekkert undir þessum lið.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:28.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 17. nóvember nk.

Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands.

Þorvaldur Víðisson,
ritari.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Séra Gísli Jónasson.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.